

Nd.

71. Frumvarp til laga

[59. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Flm.: Valtýr Guðjónsson.

1. gr.

95. gr. vegalaga nr. 71/1963 falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð frá 18. okt. 1965 um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

Greinargerð.

Lagabreyting þessi felur í sér, að hætt skuli að innheimta sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem aka um Reykjanesbraut, en gjald þetta hefur verið innheimt, síðan brautin var opnuð til umferðar haustið 1965. Byggist skattheimta þessi á heimild í vegalögum, nr. 71/1963, en í 95. gr. þeirra laga segir:

„Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr.“

Það vald, sem ráðherra er fengið með heimild þessari, er óæskilegt miðað við það, hversu málum er háttáð um vegagerð á Íslandi enn sem komið er. Um leið og henni er beitt eins og raun hefur á orðið, veldur hún sérsköttun á einstakan landshluta, þ. e. á Suðurnesjamenn, sem alls ekki komast hjá að hlíta þessari sérsköttun, um leið og þeir ferðast um hérað sitt eins og aðrir menn, að heiman og heim. Verður af þessu ójöfnuður með landsmönnum um þetta.

Fyrir löggjafanum 1963 hefur ekki getað vakað, að beita skyldi heimild 95. gr. laganna þannig, að tiltekið hérað og héraðsmenn þar yrðu fyrir stórum búisfjum hennar vegna umfram aðra. Meðan svo er háttáð, að hvergi í landinu er unnt að koma við innheimtu vegaskatts nema á Reykjanesbraut, er með öllu óhæft að láta heimildina gilda, miðað við þegar fengna reynslu.

Gildir í þessu sambandi ekki að benda á, að Reykjanesbraut hafi orðið dýr og því veiti ekki af tekjum á móti, því að sem betur fer hefur víðar um landið verið varið vænum fjárhæðum til samgangna, án þess að því fylgdi sérsköttun á íbúa einstakra byggðarlaga.